




Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Kröflulínu 3 frá Fljótsdal að Kröflu

Skýrsla II: Breytingar á línuleið og námur



Bjarni F. Einarsson
2002

Forsíðumyndin sýnir rústir (Fljótsdalshreppur nr. 1:1) undir Teigsbergi í Norðurdal. Ljósm. BFE.

FÖRNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Landsvirkjun

© Bjarni F. Einarsson

Október 2002

Inngangur


Að beiðni Línuhönnunar hf. kannaði undirritaður á ný fyrirhugað línustæði Kröflulínu 3 vegna breytinga á línustæðinu og náma, sem ekki höfðu verið skoðaðar áður. A.m.k. 50 m breið skák var könnuð beggja megin við línuna og umhverfis fyrirhugaðar námur. Hið kannaða línustæði nær frá Jökulsá í Fljótsdal að Kröflu við Mývatn, samtals um 124 km vegalengd. Fjöldi fyrirhugaðra náma er 29.

Farið var í gegnum helstu heimildir svo sem Sýslu- og sóknarlýsingar, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Frásögur um fornaldarleifar, Árbók Hins íslenska fornleifafélags og Fornleifaskrá (sjá nánar kaflann um heimildir í lok skýrslu).

Allar breytingar voru kannaðar á vettvangi og gengið úr skugga um hvort og hve margar fornleifar kynnu að finnast á eða við línustæðið eða við námurnar.

Vettvangsvinna fór fram dagana 27. – 28. september síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar. Í hverju sveitarfélagi (hreppi) er byrjað á númer 1. Tveir staðir með fornleifum bættust nú við frá fyrri könnun (Bjarni F. Einarsson 1999) og verður aðeins fjallað um þá í þessari skýrslu, en vísað í fyrri skýrslu varðandi aðrar fornleifar á línuleiðinni.

Umboðsmaður og umsjónarmaður verkkaupa var Friðrika Marteinsdóttir hjá Línuhönnun hf.



Mynd 1. Fornleifar nr. 1 í Fljótsdalshreppi. Þær eru undir klettum, skammt norðaustur af lítilli námu. Loftm. Landsvirkjun. Breyt. BFE.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar. Skv. Þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar eldri en 100 ára friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar fornleifarnar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

<i>Nr.</i>	<i>Teg.</i>	<i>Fj.</i>	<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Minjagildi</i>	<i>Friðlýst</i>	<i>Á að merkja?</i>
<i>Jökuldalshreppur</i>									
2:1	Þjóðleið	1	Línulögn	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
<i>Fljótsdalshreppur</i>									
1:1	Rústir	>2	Línulögn	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
<i>2 staðir</i>		<i>>3 fornleifar</i>							

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar.

Samtals fundust nú tveir staðir með fornleifum á hinu kannaða svæði. Annar staðurinn er gömul þjóðleið upp úr Víðidal í átt að Möðrudal og hinn eru rústir undir Teigsbergi í Norðurdal, en þar eru eldri rústabrot allt í kring. Samtals fundust því fleiri en þrjár fornleifar á þessum stöðum.

Þjóðleiðin hefur lítið minjagildi en rústirnar hafa talsvert minjagildi, sjá nánar töflu hér að framan.

Engar fornleifar á svæðinu þykir ástæða til að friðlýsa.

Námur

Fyrirhugaðar voru 29 námur á línuleiðinni (nr. 1 - 29, talið frá Kröflu). Ekki fundust fornleifar við neinar námur nema námur nr. 2, 4 og 5.

Náma 2

Náman er fyrirhuguð norðan við hringveginn í norðanverðu Búrfellshrauni (Kröflulína 3..., 2002:16). Þarna liggur gamla þjóðleiðin um (Skútustaðahreppur nr. 7:1), frá Mývatni austur yfir Jökulsá á Fjöllum. Leiðina má rekja að mestu leyti alla leið að Jökulsá. Stundum rennur hún saman við yngri slóða eða vegi, en sumstaðar má sjá fjórar kynslóðir vega eða slóða og er sú elsta vörðuð. Mælt er með því að færa námuna niður fyrir hringveginn eða sleppa henni alveg.



Mynd 2. Náma 4 og hluti þjóðleiðarinnar gömlu. Hún er ekki teiknuð til vesturs (vinstri) á þessari mynd. (Loftmynd Landsvirkjun. Breyting. BFE).

Náma 4.

Náman er fyrirhuguð nyrst í Búrfellshrauni, þar sem mætast Vestari- og Austaribrekkan (Sama 2002:17). Sömu athugasemdir eru gerðar og við námu 2 þó með þeim mun að aðeins nyrsta námusvæðið (af þremur) raskar leiðinni. Mælt er með því að tveimur minni námunum (af þremur) verði sleppt.

Náma 5

Náman er fyrirhuguð syðst í Sveinahrauni (Sami 2002:18). Sömu athugasemdir eru gerðar og við námur nr. 2 og 4. Mjög nálægt þessum stað mátt sjá fjórar kynslóðir slóða eða vega. Mælt er með því að náman verði færð til suðurs, a.m.k. 20 m frá gamla slóðanum.

Niðurstaða

Alls fundust tveir staðir með fleiri en þremur fornleifum á hinu kannaða svæð sbr. mynd 1. Áður fundust 7 staðir með 18 fornleifum við fyrri línuleiðir. Vísað er til skýrslu um þær þegar við á (Bjarni F. Einarsson 1999).

Finnist fornleifar þrátt fyrir allt við framkvæmdirnar er bent á 13. gr. Þjóðminjalaga sem kveða á um að láta Fornleifavernd ríkisins vita af fundinum eins fljótt og auðið er.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa. Vætanlega vegi ber að setja niður með tilliti til fornleifanna.

Heimildir

- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Kröfluínu 3 frá Fljótsdal að Kröflu*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 1999.
- Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Kröflulína 3, 220 kV. Krafla - Fljótsdalur. Jarðfræði - námur*. Línuhönnun hf. Maí 2002.
- Sýslu- og sóknarlýsingar*. Múlasýslur. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 2000.
- Sýslu- og sóknarlýsingar*. Þingeyjarsýslur. Reykjavík 1994.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 11. Bindi. Þingeyjarsýsla. Kaupmannahöfn 1943.
- Þjóðminjalög nr. 107, 20. maí 2001*. Þingskjal 1490, 126.